Samfylkingin

Kópavogi, 10. nóvember 2026

Breytingartillögur bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar við tillögu að fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2027

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi breytingartillögur við fyrri umræðu um fjárhagsáætlun 2027. Aðgerðirnar eru í samræmi við stefnu flokksins og jafnaðarstefnuna. Lögð hefur verið áhersla á að ráðstafa fjármunum í þágu beinnar þjónustu við bæjarbúa, þar sem ávinningur aðgerðanna er áþreifanlegur. Tillögurnar eru að fullu fjármagnaðar með hagræðingu í rekstri og krefjast hvorki hækkunar skatta né aukinnar lántöku. Samantekt á fjárhagslegum áhrifum tillagnanna er í lok skjalsins.

Óskað er eftir að afstaða verði tekin til hverrar tillögu fyrir sig. Tillögur 3–10 eru fjármagnaðar með tillögum 1 og 2 og ræðst fjárhæð samkvæmt tillögu 11 af afgreiðslu annarra tillagna.

I. Aðhaldsaðgerðir

Tillaga 1: Þak á yfirvinnu í miðlægri stjórnsýslu

Lagt er til að sett verði þak á yfirvinnu í deildum miðlægrar stjórnsýslu (málaflokki 21) og á skrifstofum fagsviða, þannig að yfirvinna fari ekki yfir 30% af heildarlaunum hverrar deildar. Í eftirtöldum deildum verði þakið lægra: 15% í miðlun, greiningardeild, mannauðsdeild, sameiginlegum kostnaði stjórnsýslu og almennri skrifstofu, og 10% í stafrænni þróun. Fjárveitingar til launa og launatengdra gjalda lækki til samræmis um 169,5 m.kr. Bæjarstjóra verði falið að útfæra breytinguna, þar á meðal nauðsynlegar breytingar á ráðningarkjörum. Jafnframt verði farið yfir ráðningarkjör og metið í hvaða tilvikum forsvaranlegt sé að greiða fasta yfirvinnu, sér í lagi í þeim deildum þar sem þakið er 30%, og hvort tækifæri séu til frekari hagræðingar.

Greinargerð:
Í tillögu meirihlutans er yfirvinna í starfsdeildum miðlægrar stjórnsýslu áætluð 405 m.kr. árið 2027. Það jafngildir 29,5% af heildarlaunum þessara deilda og um 42% ofan á önnur laun. Hlutfallið er nánast hið sama milli deilda og milli ára, sem bendir til þess að yfirvinna sé orðin fastur hluti launakjara fremur en greiðsla fyrir tilfallandi álag. Þrátt fyrir að í stjórnsýslunni

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

sé unnið gott starf á það starf að rúmast innan hefðbundins vinnutíma. Þá á sveitarfélagið ekki að vera leiðandi í launaþróun með duldum launahækkunum umfram kjarasamninga í formi fastrar yfirvinnu.

Gætt er hófsemi í aðhaldskröfunni. Í deildum þar sem búast má við tímabundnu verkefnaálagi sem ekki þolir bið, er þakið 30% og hefur það þar óveruleg áhrif. Lægra þak er sett þar sem verkefni eru að jafnaði fyrirsjáanlegri. Deildir sem nú þegar eru undir þakinu verða ekki fyrir áhrifum.

Áætlaður sparnaður er 136,8 m.kr. í launum, eða 169,5 m.kr. að meðtöldum launatengdum gjöldum. Mestur er hann í greiningardeild (31,8 m.kr.), stafrænni þróun (29,5 m.kr.), mannauðsdeild (24,4 m.kr.) og miðlun (13,6 m.kr.).

Tillaga 2: Lækkun fjárveitingar til spjaldtölvukaupa í grunnskólum

Lagt er til að fjárveiting til kaupa á tölvum og tölvubúnaði í deildinni Átak í breyttum kennsluháttum í málaflokki 04 lækki um 55%, úr 89,4 m.kr. í 40,2 m.kr., eða um 49,2 m.kr. Lagt verði upp með að 1.–4. bekkur verði alfarið snjalltækjalaus og að nemendur í 5.–10. bekk samnýti búnað í stað þess að hver nemandi fái eigin spjaldtölvu. Menntasviði verði falið að útfæra breytinguna í samráði við skólastjórnendur.

Greinargerð:

Samkvæmt skýringum við kynningu fjárhagsáætlunar í bæjarráði er fjárveitingin ætluð til endurnýjunar spjaldtölva í grunnskólum bæjarins. Kópavogsbær ver tæpum 90 m.kr. á ári einungis í að endurnýja spjaldtölvur og annan tölvubúnað nemenda. Það þykir ekki forsvaranlegt þegar skýr merki eru um að skjánotkun sé beinlínis vandamál innan skólanna og hafi neikvæð áhrif á námsárangur barna. Í stað þess að öll börn frá 1. til 10. bekkjar fái eigin spjaldtölvu frá bænum verði yngsta stigið snjalltækjalaust og búnaður samnýttur á mið- og unglingastigi. Í bili þykir hægt að fullyrða að ekki sé þörf á spjaldtölvum til að sinna kennslu í 1. til 4. bekk og benda gögn til þess að skjánotkun á yngsta stigi geri meira ógagn en gagn. Menntaráð samþykkti 18. ágúst 2026 að ráðist yrði í greiningu og áætlun um notkun snjalltækja í skóla- og frístundastarfi. Að lokinni þeirri vinnu þarf að meta hvort tilefni sé til að ganga enn lengra. Hluta sparnaðarins verður varið til eflingar skólabókasafna, sbr. tillögu 6.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

II. Útgjaldatillögur

Tillaga 3: Systkinaafsláttur í leikskólum

Lagt er til að systkinaafsláttur af dvalargjaldi í leikskólum hækki úr 50% í 75% fyrir annað barn frá og með 1. janúar 2027 og að gjaldskrá leikskóla verði breytt til samræmis. Tekjur af dvalargjöldum í málaflokki 04 lækki um 25,3 m.kr.

Greinargerð:
Við undirbúning fjárhagsáætlunar hefur Samfylkingin lagt áherslu á að systkinaafsláttur verði hækkaður og hann látinn gilda þvert á leikskóla og frístund í grunnskólum. Í tillögu meirihlutans er gert ráð fyrir að systkinaafsláttur í frístund hækki úr 30% í 50% en undirrituð telja tilefni til að ganga lengra.

Um 330 börn í leikskólum Kópavogs njóta systkinaafsláttar sem annað barn. Fjármálasvið mat kostnaðinn á 25,3 m.kr. á ári í svari til bæjarráðs 5. október 2026. Afslátturinn nýtist þeim fjölskyldum sem þurfa lengri vistun en sex stundir og greiða því dvalargjald, það hæsta á Íslandi miðað við átta tíma vistun. Til samanburðar er systkinaafsláttur af dvalargjaldi í Reykjavík 100% fyrir hvert barn umfram eitt.

Gætt er hófs í hækkun systkinaafsláttar að svo stöddu svo hægt sé að meta áhrifin á mönnun og álag í leikskólum en að óbreyttu er lagt upp með að systkinaafsláttur hækki stigvaxandi á kjörtímabilinu með það að markmiði að 100% systkinaafsláttur sé veittur þegar kjörtímabilinu er lokið. Undirrituð munu fylgja því eftir í fjárhagsáætlunargerð næstu ára.

Tillaga 4: Aukin sumarfrístund

Lagt er til að framlög til sumarfrístundar hækki um 16 m.kr. umfram það sem gert er ráð fyrir í tillögu að fjárhagsáætlun 2027, svo að sumarfrístund verði opin í fimm grunnskólum í Kópavogi í stað tveggja.

Greinargerð:
Við undirbúning fjárhagsáætlunar hefur Samfylking lagt áherslu á opnun sumarfrístunda og er núverandi upplegg að opnuð verði sumarfrístund í einum grunnskóla til viðbótar, en í dag er hún einungis opin í einum skóla bæjarins. Tillagan gerir ráð fyrir að opnuð verði sumarfrístund í þremur skólum til viðbótar.

Skóla lýkur í júní en orlofsdagar foreldra eru oftast einungis fimm til sex vikur á ári. Það getur reynst áskorun fyrir margar fjölskyldur að brúa þetta bil. Með því að fjölga þeim grunnskólum

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

í bænum sem bjóða upp á sumarfrístund í fimm léttum við daglegt líf foreldra með börn á yngsta stigi grunnskóla og auðveldum fjölskyldum að láta sumarfrískapalinn ganga upp.

Tillaga 5: Lengri opnunartími Kópavogslaugar til jafns við Salalaug

Lagt er til að opnunartími Kópavogslaugar verði lengdur til jafns við opnunartíma Salalaugar frá og með 1. janúar 2027. Fjárveiting til Kópavogslaugar í málaflokki 06 hækki um 14,9 m.kr.

Greinargerð:

Samfylking hefur jafnframt lagt mikla áherslu á lengingu á opnunartímum sundlauga bæjarins. Því fylgir tvímælalaus lýðheilsulegur ávinningur, auk þess sem sundlaugarnar eru mikilvægar miðstöðvar mannlífs í bænum. Skýrt ákall hefur verið um þessa aðgerð í formi almennrar umræðu, undirskriftasöfnunar, ungmennaþings og ályktunar ungmennaráðs Kópavogs.

Í uppleggi fjárhagsáætlunar er gert ráð fyrir að opnunartími Salalaugar um helgar lengist um tvær klukkustundir allt árið. Kópavogslaug er ein af vinsælustu sundlaugum höfuðborgarsvæðisins og íbúar annarra hverfa eiga að sitja við sama borð. Undirrituð telja að stefna skuli að því að báðar sundlaugar bæjarins séu opnar til kl. 22 allan ársins hring og er lenging opnunartíma um tvær klukkustundir allt árið skref í þá átt. Undirrituð munu fylgja því eftir frekari lengingu opnunartíma á kjörtímabilinu. Þá er fullt tilefni til að skoða möguleikann á að hafa opnunartíma sundlauganna til kl. 23 á föstudögum og laugardögum að sumri, til að bjóða ungmennum bæjarins heilsusamlegan valkost á þeim tíma sem hætta á áhættuhegðun er mest.

Tillaga 6: Efling skólabókasafna

Lagt er til að veittar verði 9 m.kr., til viðbótar við fyrirhugaða fjárveitingu, til eflingar skólabókasafna í grunnskólum Kópavogs árið 2027, til kaupa á bókakosti. Menntasviði verði falið að leggja fram áætlun um ráðstöfun fjárins í samræmi við læsisáætlunina „Framtíðin í fyrsta sæti“.

Greinargerð:

Í fjárhagsáætlunum 2025 og 2026 var boðað að skólabókasöfn yrðu efld. Skólabókasöfn fengu 3 m.kr. aukafjárveitingu árið 2025 og 4,5 m.kr. árið 2026, sem deildust á alla grunnskóla bæjarins. Í greinargerð með tillögu að fjárhagsáætlun 2027 eru skólabókasöfn ekki nefnd. Tillagan fylgir eftir markmiðum læsisáætlunarinnar og er liður í því að færa áherslu grunnskólanna úr skjám í bækur, sbr. tillögu 2.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

Tillaga 7: Lista- og menningarsjóður Kópavogs

Lagt er til að framlag til Lista- og menningarsjóðs Kópavogs hækki um 6 m.kr. árið 2027 sem fyrsta skref. Framlagið hækki áfram í skrefum á næstu árum þar til sjóðurinn nær viðmiði reglna sinna, 0,5% af 6,7% útsvarsstofni, sbr. 3. gr. reglna Lista- og menningarsjóðs Kópavogs.

Greinargerð:

Sjóðurinn var skorinn niður eftir hrun og hefur ekki náð viðmiði reglna sinna síðan. Miðað við áætlað útsvar 2027 væri viðmiðið um 94 m.kr. Aukningin eflir deiglu sjálfstæðs lista- og menningarlífs í Kópavogi og styrkir almenna umsækjendur sjóðsins.

Tillaga 8: Átak gegn félagslegri einangrun eldri borgara

Lagt er til að veittar verði 20 m.kr. árið 2027 til átaks gegn félagslegri einangrun eldri borgara. Velferðarsviði verði falið að útfæra tillöguna nánar en lagt er upp með að skipulagt verði sérstakt verkefni með starfsfólki heimastuðnings (heimaliðum) sem starfar hjá Kópavogsbæ.

Greinargerð:

Markmiðið er að tryggja að enginn gangi einn í gegnum síðasta æviskeiðið og virkja þá eldri borgara bæjarins sem ekki taka þátt í skipulögðu félagslífi í dag. Í framlagðri tillögu að fjárhagsáætlun er lögð áhersla á snemmtækan stuðning, helgaropnanir í félagsmiðstöðvum eldra fólks og samstarf við Félag eldri borgara í Kópavogi. Það er vel, en sérstakt átak þarf til þess að ná til þeirra einstaklinga sem taka engan þátt í skipulögðu félagslífi, hafa ekki annað bakland og hafa einangrast félagslega. Félagsleg einangrun eldri borgara er faraldur sem þarf að takast á við með beinum aðgerðum.

Starfsfólk heimastuðnings (heimaliðar) er framlínustarfsfólk að þessu leyti og fer inn á heimili fólks. Það er í einstakri stöðu til þess að meta hvort einstaklingur sé í áhættuhópi fyrir félagslega einangrun og bjóða þeim sem það vilja virkniúrræði. Vitaskuld er lagt upp með að verkefnið verði unnið af virðingu og nærgætni gagnvart þeim sem í hlut eiga.

Líkt og segir í tillögunni er lagt upp með að velferðarsviði verði falið að forgangsraða fjármununum þannig að þeir nýtist sem best. Það getur verið í formi ráðningar heimaliða, eflingar ráðgjafateymis fullorðinna og aukins samstarfs við félagsmiðstöðvar eldri borgara.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

Tillaga 9: Aðgerðir í þágu barna

Lagt er til að veittar verði 32 m.kr. árið 2027 til ráðningar ráðgjafa í barna- og fjölskylduteymi velferðarsviðs og í barnavernd. Gert er ráð fyrir að fjármagnið dugi til ráðningar tveggja starfsmanna í framangreind teymi.

Greinargerð:

Undirrituð telja að sóknarfæri sé til að sinna forvörnum í málaflokknum enn betur og grípa börn og fjölskyldur með þjónustuþörf enn fyrr. Í greinargerð með tillögu að fjárhagsáætlun 2027 kemur fram að áfram verði unnið að undirbúningi skammtímadvalar fyrir fötluð börn með það að markmiði að fækka börnum sem bíða eftir skammtímadvöl. Þá stendur jafnframt til að opna vistheimili barnarverndarþjónustu í samstarfi við Hafnarfjörð. Samfylkingin lýsir heilshugar stuðningi við þau áform. Í félagsþjónustu er fjármunum vanalega fyrst forgangsraðað til að sinna brýnni þörf í dýrum málaflokki. Fjármunir sem ráðstafað er til forvarna geta hins vegar borið margfaldan ávöxt. Því er lagt til að verja sérstaklega fjármunum í fjölskylduteymi velferðarsviðs og barnavernd, þar sem takmarkað fé nýtist best til langs tíma. Fjárhæðin byggir á kostnaðarmati í greinargerð með tillögu að fjárhagsáætlun 2027 á nýju stöðugildi ráðgjafa á velferðarsviði, sem nemur um 16 m.kr. á ári.

Tillaga 10: Trjáplöntun í hverfum bæjarins

Lagt er til að veittar verði 10 m.kr. árið 2027 til gróðursetningar trjáa á opnum svæðum innanbæjar, í samstarfi við Vinnuskóla Kópavogs og eftir atvikum Skógræktarfélag Kópavogs. Miðað er við að gróðursettar verði allt að 1.650 trjáplöntur, 0,5–1,0 m á hæð, eða færri stærri tré.

Greinargerð:

Tré auka skjól, bæta loftgæði, efla líffræðilega fjölbreytni og styrkja náttúrutengingu bæjarbúa. Skógræktarfélag Kópavogs gróðursetur nú þegar um 20.000 skógarplöntur á ári með aðstoð sumarvinnu og virkniúrræða velferðarsviðs. Tillagan beinist að því að færa trjáræktina inn í hverfin, þar sem íbúar njóta hennar daglega. Samkvæmt upplýsingum frá umhverfissviði er kostnaður við gróðursetningu trjáplantna af þessari stærð á opnum svæðum innanbæjar um 6.000 kr. á hverja plöntu. Í tilfelli gróðursetningar stærri trjáa innanbæjar getur kostnaðurinn numið 40.000–80.000 kr. á hvert tré. Lagt er upp með að umhverfissviði verði falið að ráðstafa fjármagninu til viðeigandi nýtingar með áherslu á gróðursetningu trjáa innan hverfa. Undirrituð telja sérstök sóknarfæri í efri byggðum Kópavogs.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

III. Niðurgreiðsla skammtímaskulda

Tillaga 11: Niðurgreiðsla skammtímaskulda

Lagt er til að sá hluti sparnaðar samkvæmt tillögum 1 og 2 sem ekki er ráðstafað samkvæmt tillögum 3–10 verði nýttur til lækkunar skammtímaskulda við lánastofnanir. Fjárhæðin er áætluð 85,5 m.kr.

Greinargerð:

Samkvæmt tillögu meirihlutans verða skammtímaskuldir A-hluta við lánastofnanir 3,6 ma.kr. í árslok 2027 og næsta árs afborganir langtímaskulda 5,0 ma.kr. Veltufjárhlutfall A-hluta lækkar úr 0,45 í 0,35 milli ára, sem er áhyggjuefni. Kópavogsbær hefur treyst allt of mikið á yfirdráttarlán til þess að mæta skuldbindingum til skemmri tíma. Að greiða niður þessar skuldir lækkar vaxtakostnað, styrkir fjárhagslegt heilbrigði bæjarins til lengri tíma og skapar rými til að efla þjónustu við bæjarbúa enn frekar.

Jónas Már Torfason
Bæjarfulltrúi

Eydís Inga Valsdóttir
Bæjarfulltrúi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

Samantekt á tillögum

Nr.	Tillaga	Málaflokkur	Áhrif 2027 (m.kr.)
Aðhaldsaðgerðir			
1	Þak á yfirvinnu í miðlægri stjórnsýslu	21, 05	169,5
2	Lækkun fjárveitingar til spjaldtölvukaupa	04	49,2
	Samtals		**218,7**
Útgjaldatillögur			
3	Systkinaafsláttur í leikskólum	04	−25,3
4	Aukin sumarfrístund	04	−16,0
5	Lengri opnunartími Kópavogslaugar	06	−14,9
6	Efling skólabókasafna	04	−9,0
7	Lista- og menningarsjóður Kópavogs	05	−6,0
8	Átak gegn félagslegri einangrun eldri borgara	02	−20,0
9	Aðgerðir í þágu barna	02	−32,0
10	Trjáplöntun í hverfum bæjarins	11	−10,0
	Samtals		**−133,2**
11	**Til lækkunar skammtímaskulda**		**85,5**

Jákvæð fjárhæð merkir bætta rekstrarniðurstöðu og neikvæð fjárhæð aukin útgjöld eða lægri tekjur. Sparnaður samkvæmt tillögu 1 er reiknaður á ársgrundvelli. Tillaga 11 hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu heldur ráðstafar afgangi tillagnanna til lækkunar skammtímaskulda.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026